



Skólareglur

Forráðamönnum ber að ganga frá greiðslum inn á Sportabler, eða öðru því greiðslukerfi sem skólinn notar, áður en kennsla hefst á hverju skólaári. Gjaldskrá fyrir skólagjöld er á heimasíðuskólans doremi.is.

Ætli nemandinn að halda áfram námi næst skólaár þá þarf að staðfesta umsókn með því að greiða staðfestingargjald fyrir 15. apríl. Staðfestingargjaldið er óendurkræft.

Tónskólinn á nokkur hljóðfæri til útleigu. Forráðamenn þeirra nemenda sem taka hljóðfæri á leigu greiða hljóðfæraleigugjald og undirrita leigusamning þar um. Hægt er að nálgast verðskrá hljóðfæraleigu inn á heimasíðuskólans doremi.is. Hljóðfæraleigan fæst ekki endurgreidd þó að nemandi hætti námi áður en skólaárinu lýkur.

Nemendur gangi snyrtilega um húsnæði og eigur skólans. Verði nemandi uppvís að skemmdum á eigum skólans ber forráðamönnum að bæta skaðann.

Ætlast er til að nemendur séu stundvísir, stundi námið vel og valdi ekki truflun í kennslustundum.

Sé nemandi ítrekað að valda truflun í hóptímanum í tónfræðikennslunni, þá fá foreldrar póst þess efnis að nemandinn sé að valda truflun og það þurfi að breytast. Ef ekki verða breytingar á hegðun viðkomandi nemanda eftir það, þá áskilur skólinn sér rétt til að víkja nemandanum úr Tónfræðitímanum þann vetur.

Ætlast er til að allir hljóðfæranemendur skólans komi fram á tónleikum hans a.m.k. einu sinni á önn eða eftir fyrirætlum hljóðfærakennarans eða skólastjóra.

Hljóðfæranemendur skólans taka áfangapróf samkvæmt núgildandi námskrá tónlistarskólanna eða almenn vorpróf þegar það á við. Auk þess taka nemendur sambærileg próf í tónfræðigreinum.

Jólafrí, páskafrí og aðrir frídagar fara eftir skóladagatali skólans. Frídagar í grunnskólum vegna starfsdaga, ferðalaga o.þ.h. eru ekki frídagar í tónlistarskólanum.

Forföll

Ef skólinn þarf að að fella niður kennslu vegna veðurs þá er sú kennsla ekki bætt upp.

Forfallist nemandi ber forráðamönnum að tilkynn það á netfang skólans doremi@simnet.is eða í síma 551-4900. Kennsla vegna forfalla nemanda er ekki bætt upp. Mæti nemandi ekki í tvær vikur samfleytt án skýringa, er litið svo á að hann hafi hætt í skólanum. Í þeim tilfellum er ekki um endurgreiðslu skólagjalda að ræða og nemandinn gengur ekki fyrir á næsta skólaári.

Veikist kennari fellur kennsla niður á meðan á veikindum hans stendur. Dragist veikindi hans á langinn tvær vikur eða lengur, ber skólanum að útvega forfallakennara í hans stað.